

8. fundur NOS

kjörtímabilið 2014 – 2018, haldinn í Hveragerði á skrifstofu Skóla- og velferðarþjónustu, föstud. 13. nóv. 2015 kl. 09:00

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Kristófer Tómasson, Ragnar Magnússon, Jón G. Valgeirsson, Helgi Kjartansson, Valtýr Valtýsson, Gunnar Þorgeirsson, Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson og Gunnsteinn R. Ómarsson.

1. Aðalfundur skv. samþykktum:

Skv. samþykktum byggðasamlagsins ber að halda aðalfund fyrir 15. október ár hvert. Byggðasamlagið var stofnað á árinu 2015 þannig að í ár er ekki heilt ár undir í starfsemi samlagsins og eðli máls skv. liggur ekki fyrir ársreikningur fyrra árs. Stjórn samþykkir að haldinn verði upplýsingafundur um reksturinn fyrir lok apríl næsta vor í stað aðalfundar árið 2015 þar sem starfsemin verði kynnt með ítarlegum hætti fyrir kjörnum fulltrúum aðildarsveitarfélaganna.

2. Fjárhagsáætlun 2016:

María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu, fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir næsta ár.

Áætluð útgjöld skjólaþjónustu aukast frá áætlun fyrra árs og skýrist það fyrst og fremst af nýju stöðugildi sálfræðings sem ráðinn var sl. sumar.

Áætluð útgjöld velferðarþjónustu lækka verulega frá áætlun fyrra árs. Að stærstu leyti skýrist þessi lækkun af kostnaði sem til féll á árinu 2015 v/flutnings o.fl. sem ekki mun falla til á árinu 2016.

Stjórn NOS staðfestir fjárhagsáætlunina.

3. Úttekt á starfseminni:

Fyrir liggur úttekt og greinargerð Gerðar G. Óskarsdóttur um ytra mat á skólaþjónustu Árneshings.

Gerður mætti á fundinn og fór yfir framkvæmd verkefnisins, framlagðar tillögur og niðurstöður. Þetta ytra mat á skólaþjónustu Árneshings fyrsta eina og hálfu ár starfseminnar bendir til markvissra vinnubragða og mikillar ánægju með starfseminna.

NOS þakkar Gerði vel unnin störf í þágu Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings.

4. Kynning á atvinnuátaki í samstarfi við Vinnumálastofnun:

María kynnti fyrirhugað samstarf við Vinnumálastofnun á Suðurlandi (VMST).

Ætlunin er að VMST og Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings geri með sér samkomulag um tilraunaverkefni til eins árs sem ætlað er að virkja atvinnuleitendur sem eru á fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi án atvinnuleysisbótaréttar. Samhliða þessu átaki verði fjárhagsaðstoðarreglur sveitarfélaganna endurskoðaðar.

Skv. samningstillögunni koma sveitarfélögin í Árnesþingi til með að bjóða allt að 5 starfsþjálfunarpláss. Tillögur um starfsmenn munu koma frá félagsráðgjöfum og tekur hvert sveitarfélag ákvörðun á grundvelli framlagðra tillagna.

NOS list vel á hugmyndina og mælist til þess að aðildarsveitarfélögin samþykki samninginn.

5. Önnur mál

- Rætt um jafnréttisstefnur sveitarfélaganna og tilheyrandi framkvæmdaáætlun. Stefnt að því að sveitarfélögin vinni samræmdar jafnréttisstefnur byggðar á sameiginlegri stefnu frá árinu 2012.
- Næsti fundur áætlaður í lok apríl 2016.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:10
Gunnsteinn R. Ómarsson, fundarritari